



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLAND VERÐUR FYRSTA LANDIÐ TIL AÐ SKIPULEGGJA VÖRUFLUTNINGA OG FARÞEGAFLUG TIL ALLRA RÍKJA NORÐURLÓÐA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur í dag, föstudaginn 31. maí, ræðu á hádegisverðarfundum í Alþjóðlegri viðskiptamiðstöð Maine ríkis í Bandaríkjunum.

Ræða forseta fjallar um framlag Íslands til þróunar vöruflutninga og flugsamgangna á Norðurlóðum. Með siglingum Eimskips til Portland í Maine og flugi Icelandair til Alaska verður Ísland fyrsta ríkið á Norðurlóðum til að sinna reglubundnum vöruflutningum og farþegaflugi milli allra ríkja á svæðinu. Aukin umsvif setja nú þegar mark sitt á Norðurlóðir, bæði vegna nýtingar margvíslegra auðlinda, vaxandi ferðapjónustu og eftirspurnar eftir sjávarafurðum.

Forseti mun í dag eiga fund með ríkisstjóra Maine, Paul LePage, sem einnig flytur ræðu á hádegisverðarfundinum.

Þá mun forseti heimsækja kynningarsvæði Eimskips á Viðskiptadegi Maine og taka þátt í öðrum viðburðum dagsins. Í gærkvöldi sat forseti kvöldverð í boði stjórnvalda ríkisins þar sem einnig voru forystumenn atvinnulífs og viðskipta á svæðinu.

31. maí 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).